

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn n kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<i>Tollnúmer:</i>				
0602.2000 Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.4000 Rósir, einnig ágræddar	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað:</i>				
0602.9030 Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>				
0602.9041 Skógartré	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað:</i>				
0602.9045 Græðlingar með rót og unglöntur	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.9049 Annars	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Aðrar útiplöntur:</i>				
0602.9051 Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Inniplöntur:</i>				
0602.9070 Græðlingar með rót og unglöntur ekki kaktusar og þykkblöðungar	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
<i>Annað:</i>				
0602.9091 Kaktusar og þykkblöðungar	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.9092 Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0602.9099 Annars (Pottaplöntur yfir 1 metri á hæð)	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0603.1003 Ættkvíslimar Prote, Bankasia o.fl.	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0603.1004 Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0603.1009 Annars (Afskorin blóm)	01.05.-30.06.	2.000	30	0
0603.9000 Annað (Þurrkuð blóm)	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0604.9109 Annað	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0
0604.9900 Annars	01.05.-30.06.	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint, meiri en það magn sem auglýst er, skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. maí 1996 og gildir til 1. júlí 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 22. apríl 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Húsavíkur.

A-hluti

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur skammstafað OVH.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu á rafmagni og heitu vatni sbr. reglugerð fyrir OVH nr. 647/1995.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluti fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu á raforku og heitu vatni á veitusvæði OVH. Þar er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitatöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, innheimtugjaldi og lokunargjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluti sýnir gildandi verð fyrir raforku og heitt vatn svo og önnur gjöld eins og þau eru á hverjum tíma.